

Fundargerð 365. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2014, fimmtudaginn 15. maí kl. 14:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Bessastöðum á Grundartanga.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Már Sveinbjörnsson, Steinþór Pétursson, Guðmundur Kristjánsson og Björn Arnaldsson. Guðný Sverrisdóttir og Skúli Þórðarson boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Í byrjun fundar sendi stjórn Hafnasambands Íslands erindi til aðstoðarmanns innanríkisráðherra vegna hafnalagafrumvarps, þar sem færð voru rök fyrir því hvers vegna mikilvægt er að koma þessum breytingum á hafnalögum í gegn.

1. 1311085HA - Stjórnarfundir hafnasambandsins 2014

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 364. fundar frá 28. mars 2014.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. 1312035HA - Hafnasambandsþing 2014

Lögð fram dagskrá hafnasambandsþingsins.

Starfsmaður fór yfir dagskrá hafnasambandsþingsins og honum falið að senda kynningarbréf á hafnir landsins.

3. 1404252HA - Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016, 495. mál.

Lögð fram umsögn Hafnasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016, 495 mál.

Til kynningar.

4. 1311025HA - Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (endurskoðun matsskýrslu), 120. mál.

Lögð fyrir umsögn hafnasambandsins um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum. Starfsmaður gerði einnig grein fyrir fundi sem hann sat með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarpið.

Til kynningar.

5. 1211015HA - Langtímastefna fyrir hafnir landsins

Lögð fram drög að skýrslu um langtímastefnu fyrir hafnir landsins.

Starfsmanni falið að senda athugasemdir við skýrsluna á Íslenska sjávarklasann. Skýrslan verður svo send út á aðildarhafnir og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir.

6. 1211016HA - Efnahagsleg áhrif íslenskra hafna

Lögð fram skýrsla um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna.

Stjórn Hafnasambands Íslands færir Vali Rafni Halldórssyni kærar þakkir fyrir vel unna skýrslu. Starfsmanni falið að setja skýrsluna á vefinn og kynna hana fyrir aðildarhöfnum.

Fundi var slitið kl. 15:30

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Már Sveinbjörnsson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson